

Hjólað í Straumsvík

Hjólað í vinnuna, heilsuáttak Íþróttta-og Ólympíusambands Íslands, hófst í maí í tíunda sinn. Þátttakendum í átakinu hefur fjölgað um tvö þúsund prósent frá upphafi.

Þegar átakinu var hleypt af stokkunum fyrir áratug voru þátttakendur um 400 talsins, en síðan hefur þeim fjölgað ár frá ári og nú eru ríflega 7.000 manns skráðir til leiks og eitthvað á þeim eftir að fjölga, þannig að óhætt er að segja að áhuginn hafi aukist mikið.

Hjá ISAL hafa starfsmenn mikinn metnað fyrir keppninni og verið með frá byrjun. ISAL hefur sigrað vinnustaðakeppnina í sínum flokki 8 ár í röð og ætlar sér ekki að láta undan þetta árið.

Borið hefur á því að verktakar við IPU verkefnið hafa líka verið virkir þátttakendur og sáust æ fleiri starfsmenn mæta á hjólum til vinnu s.l.

vikur. Við spjölluðum við einn öflugasta hjólreiðamann Ístaksmanna, Árna Magnússon, öryggisfulltrúa.


1. *Hefur Ístak teymið (við IPU) áður tekið þátt?*
Já við tókum þátt í fyrra, vorum reyndar með samsett lið með fleirri vinnustöðum Ístaks. Þar var einn ferskur af Búðarhálsi sem hjólaði heim til sín í Kópavog 181 km!
2. *Hver er hvatinn til að vera með í svona átaki? Skilað þetta betri anda í teymið, keppnissskap eða annað?*
Áttak eins og þetta hvetur starfsmenn í að hreyfa sig meira og byrja daginn hressilega. Að auki þjappar þetta mönnum saman. Svo eru líka skemmtilegar uppákomur í kring um átakið eins og til dæmis kaffitjaldið sem Hjólreiðafélagið Bjartur var með í Hafnarfirði.
3. *Hvernig stendur Ístak sig í vinnustaðakeppninni?*
Vinnustaður Ístaks í Straumsvík stendur sig best af öllum vinnustöðum Ístaks í keppninni.

Forskot okkar er öruggt eins og annað sem við gerum hér í Straumsvík.

4. *Finnst ykkur ökumenn bíla taka nógu mikið tillit til hjólreiðamanna á Íslandi eða finnið þið fyrir óöryggi á hjóli í umferðinni?*
Í lang flestum tilfellum eru bílstjórar tillitsamir við okkur hjólreiðamenn, þó er alltaf einn og einn sérfræðingur á ferðinni. En það er ekkert sem stoppar okkur af. Við veljum okkur öruggar leiðir til vinnu og erum vakandi fyrir hættum. Samt er það nú þannig að það þarf tvo í tangó.
5. *Hvaða öryggisbúnað notið þið Ístaksmenn við hjólreiðarmar?*
Við notum alltaf hjálm og veljum okkur sýnilega liti eða erum í vestum. Við þekkjum mörg dæmi þess að hjálmur hafi bjargað hjólreiðamönnum frá alvarlegum slysum. Svo lúkkar maður líka meira pró með hjálminn!



Hjólaleikur hjá ISAL, Hilmar Guðmundsson sýnir golfími meðan aðrir í liðinu fylgjast grant með. Á hjólunum frá vinstri eru: Guðmundur Hermannsson, Guðmundur Ágústsson, Bjarni Jónsson, Gnýr Guðmundsson og Rúnar Pálsson.



Árni Magnússon, öryggisfulltrúi ÍSTAK við IPU, mætir ferskur til vinnu eftir að hafa hjólað í vinnuna.

Forhreinsistöðvar í Steypuskála

Nýjar forhreinsistöðvar í steypuskála eru mikilvægur þáttur nýrrar framleiðslulínu í kjölfar IPU verkefnisins. Við ræddum við Axel Hrein Steinþórsson, annan verkfræðinganna sem hönnuðu forhreinsistöðina og fræddumst aðeins um það sem að baki henni liggur.

1. Hvað gerir stöðin? Hvernig virkar hún?

Tilgangur forhreinsistöðvanna er að hreinsa natríum úr áli. Í hverri stöð eru tveir rótorar sem hræra í álinu, í gegnum rótorana er dælt argon gasi og álflúoríði (AlF3).

Markmiðið með nýju stöðvunum er að bæta hreinsun á málminum, stytta vinnslutíma á deiglu. Sem skilar sér í verðmætari afurð og aukinni framleiðslugetu.

2. Hvernig kom til að íslenskur verktaki tók að sér hönnun á slíkri græju? Er sparnaður í því fólgin fyrir íslenskan áliðnað að geta keypt sérfræðipækkingu innanlands?

Það voru þeir Bolli og Einar Smára í steypuskálanum sem höfðu samband við okkur og buðu okkur til þess að bjóða í smíði og hönnun á búnaði sem gæti hreinsað málmin. Þeir voru með ákveðnar hugmyndir og höfum við unnið náið með sérfræðingum RTA í steypuskálanum við hönnun og þróun á búnaðinum. Mikil þróunarvinna hefur verið unnin hjá VHE vegna þessa verkefnis.

Ég tel að það sé bæði sparnaður og gott fyrir þjóðfélagið að jafn viðamikil búnaður sé hannaður og smíðaður hér á landi. Öll aðföng í vélarnar voru jafnframt fengin frá íslenskum birgjum.

3. Áttu einhverja áhugaverða punkta um hönnunina?

Í hreinsistöðvunum er stærsta tannhjól sem smíðað hefur verið á Íslandi

(samkvæmt okkar heimildum). Þvermálið á tannhjólinu er 2,8m og er VHE er með stærstu fræsivél á landinu sem notuð var við að smíða tannhjólin í heildina eru fjögur slík tannhjól í búnaðinum.

Búnaðurinn er sjálfvirkur en öll forritun var framkvæmd af VHE. VHE hannaði og smíðaði tilraunabúnað sem notaður var á gömlu hreinsistöðvunum í steypuskálanum (uppá balkon). Niðurstöður tilrauna voru mjög góðar og skilaði tilraunastöðin deiglum með mjög lágu natríum gildi. Tilraunir voru unnari með aðstoð frá starfsmönnum steypuskála.



Stefán Stefánsson, rafvirki hjá VHE, vinnur við forhreinsistöðina

Afsog af stöðvunum er tengt inn á þurhreinisvirki ISAL og hefur það mikil jákvæð umhverfisáhrif þar sem flúor hreinsast úr afsoginu.

Verkið er gríðarlega yfirgripsmikið, stöðvarnar sjálfar er einungis hluti af búnaðinum. Einnig var sett upp 9m mastur með síló og lagðir um 150m af þéttflæði kerfi, 120m af afsogi. Að auki voru lagðir um 7 km af rafstrengjum, og um 1000m af gas og loftlögnum.

Stór hluti af vinnuni hefur verið framkvæmd í mikilli hæð og við hættulegar aðstæður undir kerskála. Engin slys hafa orðið við verkið og höfum við lagt mikið upp úr því að tryggja öryggið fyrst.

4. Hversu margir komu að verkinu?

Áætla má að um 35-40 manns hafi unnið í stöðvunum í allt frá hönnun að uppsetningu. Öll hönnun, smíði og uppsetning var unnin af VHE nema á rafmagnshönnun á þéttflæði kerfi þar sem STAKI var að störfum.



Nýja forhreinsistöðin í steypuskálabýggingu 1a.

Fréttir úr Steypuskála



Undirstöður eru tilbúnar fyrir nýja steypuskálabýggingu 2a, en þar verður seinni hluti jöfnunarbúnaðarins til húsa. Gamla byggingin var rifin til að rýma fyrir nýrri, en áætlað er að verkinu verði lokið í sumar.



Nýtt áltökuferli er komið í gagnid.



Nýtt mótaverkstæði er vel á veg komið.



Umbreyting á barrasteypuvél 4, í boltasteypuvél hófst 23. Apríl s.l. og hefur nú verið lokið. Myndin sýnir nýju mótin á boltasteypuvélinni. Gömlu barrasteypuvélinni hefur verið umbreytt í boltasteypuvél og er á leið í rekstrarprófanir. Öllum prófunum verður lokið í byrjun júní og búist er við að fyrstu boltarnir verði steyptr um miðjan júní.

Starfsvenjur til fyrirmyndar



Myndin sýnir starfsvenjur til fyrirmyndar á vinnusvæði ÍSTAK, þar sem þeir eru að grafa skurðir fyrir háspennustraumleiðara fyrir nýju þurrhrensistöðvarnar. Steypustyrktarjárn hafa verið sett upp milli skilveggja til að fyrirbyggja að folk falli ofan í djúpa skurðina.



Myndin sýnir starfsvenjur til fyrirmyndar á vinnusvæði ÍSTAK. Hér hafa menn stafað saman straumleiðurum sem bíða uppsetningar og girt í kring með viðvörunarfánum. Afgirta svæðið er á þennan hátt eins lítið og mögulegt er og þar með auðveldara að girða í kringum það.

HSE ábendingar til góðs

Í aprílmánuði var skilað inn 392 samskiptakortum. Það er nokkuð minna en hefur komið inn undanfarna mánuði en það skýrist vegna þess að minna hefur verið um verktaka á svæðinu s.l. vikur. Alls söfnuðust 100.000 ISK og var afraksturinn færður fjölskylduátaki SÁÁ.

Í maímánuði fór SÁÁ af stað með sína árlegu álfasölu og er þemað í ár söfnun fyrir fjölskylduna. Meginverkefni Álfins á næstunni verður; að byggja upp sérstaka barna- og fjölskyldudeild sem styðja mun við endurreisn fjölskyldna sem eru í vanda vegna áfengis- og vímuefnasýki.

Gunnar Smári Egilsson, formaður SÁÁ, tók við styrknum af Guðbergi, öryggisfulltrúa Orkuvirkis. Gunnar Smári sendir bestu þakkir til allra sem komu að söfnunni hjá SÁÁ og segir styrkinn svo sannarlega nýtast til þess mikla verks sem framundan er hjá samtökunum.



Þetta verða meginverkefni Álfins á næstunni: að byggja upp sérstaka barna- og fjölskyldudeild sem styðja mun við endurreisn fjölskyldna sem eru í vanda vegna áfengis- og vímuefnasýki.

HSE Skilaboð mánaðarins

10 einfaldar hjólareglur

1. Notum hjálm
2. Verum sýnileg
3. Sýnum sérstaka aðgát í myrkri
4. Verum vakandi fyrir ójöfnum á veginum
5. Hjólum í sömu stefnu og umferðin
6. Verum vakandi fyrir allri umferð
7. Fylgjum hefðbundnum umferðarreglum
8. Er hjólið í góðu ásíggjumlagi?
9. Eru bremsur í lagi?
10. Eru dekkinn tryggilega fest?

Það er mjög mikilvægt að nota skæra liti þegar við erum að hjóla. Skærir litir geta bjargað lífi okkar!



Guðrún Þóra Magnúsdóttir og Ásdís Paulsdóttir hjóla í hvaða veðri sem er. Hér halda þær af stað heim og láta rokið ekkert buga sig.

Ritnefnd: Eyþór Sigfússon, Margrét Amardóttir, Robert McLachan, Sylvain Lefauconnier, Þóra Birna Ásgeirsdóttir.

Ritstjóri: Inga Dóra Guðmundsdóttir.

Myndir: Myndir: Friðrik Örn Hjaltested, Barrie O'sullivan og Inga Dóra Guðmundsdóttir.

Fyrirspurnir og ábendingar sendist á ingag@riotinto.com

RioTintoAlcan